

Stjórnarfundur GHG þriðjudaginn 17.03.2015 kl. 19:30 í golfskála – nr. 4

Mætt eru Auðunn, Össur, Morten, Erlingur, Ólafur, Ingibjörg, Alfreð, Sveinbjörn og Hjörtur.

1. Afgreiðsla fundargerðar stjórnarfundar 17. febrúar

Fundargerð frá stjórnarfundum 17.02.2015 lögð fram og samþykkt.

2. Skipan nefnda – viðbætur, breytingar

Ekkert var fjallað um þennan lið.

3. Fréttir af HSK þingi sem fram fer 15. mars

Auðunn fór einn á fundinn fyrir hönd klúbbsins. Þar veitti hann viðtöku verðlaunum Fannars Inga Steingrímssonar fyrir golfmann ársins. Auðunn sagði þingið hafa verið áhugavert og um ýmislegt fjallað. T.d gátlista vegna fyrirmyndafélags og áskorun til Alþingis um að endurskoða lög um virðisaukaskatt vegna íþróttafélaga. Auðunn kom síðan með ítarlega ársskýrslu sambandsins sem er mikill fróðleikur

4. Gjaldskrá fyrir hópa

Ræddar tillögur frá síðasta fundi um gjaldskrá fyrir hópa. Áréttað að ef samið er um afsláttarkjör fyrir hópa gilda engin önnur afsláttarkjör, hverju nafni sem nefnast, þar með talið GSÍ kort, afslættir vegna vinavallasamninga eða önnur afsláttarkjör og hjónaafsláttur. Hins vegar verði afsláttur reiknaður frá gildandi flatargjöldum sem gilda skv. gjaldskrá virka föstudaga, virka daga fyrir kl. 14 og eftir kl. 16 um helgar og á frídögum, ef hópurinn er með rástíma á framangreindum tímum. Ákveðið að breyta heiti þeirra í gjaldskrá í flatargjöld sem gildi á umræddum tíma, en ekki afsláttargjöld eins og þau hafa verið nefnd hingað til.

Alli lagði fram tillögu um að rukkað yrði staðfestingargjald vegna bókonar fyrir hópa og þá sérstaklega þegar pantaður væri matur líka. Allir sammála þessu og tillagan var samþykkt.

5. Starfsmannamál

Vallarstarfsmenn Hafsteinn Hafsteinsson, Ólafur Dór Steindórsson og Guðjón Helgi Auðunsson.

Einar Lyng í ýmsum verkefnum.

Katrín Össurardóttir í skála að hluta.

Ásta Jósepsdóttir tekur að sér stjórn í skála.

Hugmynd að manni í gegnum Virk sem gæti eldað. Vantar að dekkja einhverja helgarvinnu.

Stjórnarmenn beðnir um að athuga með einhverja í sínu umhverfi sem hefðu áhuga á einhverri helgarvinnu. Inga sagðist skildi ræða við sína barnabörn sem eru á 18 ári.

6. Starfsáætlanir – staða vinnu við þær

Auðunn ætlar að senda hugmyndir af uppsetningu á starfsáætlun og er meiningin að vera með þetta klárt fyrir næsta fund. Ætlunin er síðan að vera með kynningu á starfi allra nefnda á félagsfundi í upphafi sumars.

7. Fundargerðir framkvæmdastjórnar GHG til umræðu (18. febrúar, 25. febrúar, 4. mars og 11. mars)

Fundargerðir framkvæmastjórnar lagðar fram og þar aðeins farið yfir mál Kristins. Fundargerðirnar samþykktar.

8. Önnur mál

Erlingur boðaði hönnuð vallarins á svæðið til að fara yfir fyrirhugaðar breytingar á fyrstu og þriðju braut. Hann var sammála okkar hugmyndum. Meiningin að fara í þessar framkvæmdir á þessu ári.

Til skoðunar er tillaga að breytingum á merkingum teiga. Skiptar skoðanir eru um þetta. Erlingur fer á fund hjá GSÍ vegna þessara hugmynda.

Alli kom með þá tillögu að gerður yrði samningur við kjötframleiðendur vegna kaupa fyrir skálann. Og síðan var hann með ósk frá Hafinu um að styrkja mót.

Fundi var slitið klukkan 21:00.

Fundargerð skráði Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir.